

60. fundur
haldinn í Svörtuloftum, fundarsal í ráðhúsi Vesturbyggðar fimmtudaginn 27.
maí 2021 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Íða Marsibil Jónsdóttir (IMJ), Þórkátla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Rebekka Hilmarsdóttir (RH), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS).

Fundargerð ritaði: Gerður Björk Sveinsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Ásgeir Sveinsson boðaði forföll

Dagskrá:

1. Slökkvilið og sjúkraflutningar - 2105057

Lögð fram skýrsla Ráðríkrár dags. 27.11.2020 þar sem tekin var út mögulegur samrekstru slökkviliða og sjúkraflutninga á sunnanverðum Vestfjörðurðum. Skýrslan var unnin að beiðni Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Skýrslan hefur verið kynnt bæjar- og sveitarstjórnarfulltrúum.

Samráðsnefnd leggur til við bæjarstjórn Vesturbyggðar og sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps að ekki verði farið í sameiningu slökkviliðs og sjúkraflutninga að svo stöddu.

2. Brunavarnaráætlun - 2105056

Lagt fyrir erindi Tálknafjarðarhrepps frá 569. fundi sveitarstjórnar þar sem því er beint til samráðsnefndar að sveitarfélögin fjalli um brunavarnaráætlun Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps og móti sameiginlega stefnu í brunavarnarmálum.

Samráðsnefnd felur bæjarstjóra Vesturbyggðar og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps að vinna tillögur að því hvernig hægt væri reka sameiginlegt slökkvilið með skilvirkari hætti og leggja fyrir á næsta fundi samráðsnefndar.

3. Vatneyrarbúð, Patreksfirði - 2105058

Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar fór yfir framkvæmdir við Vatneyrarbúð á Patreksfirði og hugmyndir um að safnstjóri Minjasafnsins að Hnjóti verði með skrifstofuaðstöðu í Vatneyrarbúð þegar framkvæmdum líkur.

Samráðsnefnd fagnar því að framkvæmdum við Vatneyrarbúð séu vel á veg komnar.

4. Starfsmannamál Minjasafns Egils Ólafssonar - 2105059

Lagt fyrir til kynningar minnisblað dags. 28.01.2021, unnið af Ólafi Þór Ólafssyni um starfsmannmál Minjasafnsins að Hnjóti.



1

5. Boðun á 66. Fjórðungspings Vestfirðinga 2. júní 2021 - 2105047

Lagt fram til kynningar boðun á 66. Fjórðungsping Vestfirðinga, 2. júní 2021 sem fram fer í Bjarkalundi, Reykhólahreppi.


6. Gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum - 2005032

Lagt fyrir til kynningar minnisblað dags. 9.mars 2021, unnið af Ólafi Þór Ólafssyni, sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps þar sem farið er yfir aðkomu sveitarfélaganna á sunnanverðum Vestfjörðum við vinnu við strandsvæðaskipulag á Vestfjörðum. Lilja Magnúsdóttir sem setið hefur í svæðisráði um strandsvæðaskipulag á Vestfjörðum fyrir sunnanverða Vestfirði fór yfir vinnuna með nefndinni.

7. Starf íþróttá- og tómstundafulltrúa - 2105060

Lögð fyrir til kynningar starfsauglýsing fyrir starf íþróttá- og tómastundafulltrúa sem er sameiginlegur starfsmaður Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps og Hérðassambandsins Hrafnaflóka.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:03.



Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ)


Þórkátla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ)


Lilja Magnúsdóttir (LM)


Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)


Rebekka Hilmarsdóttir (RH)


Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)


Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS)